

## Svar

### forseta Alþingis við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um utanlandsferðir á vegum Alþingis.

1. Hversu margar utanlandsferðir fóru árin 2016–2019:

- a. yfirstjórn,
- b. almennir starfsmenn?

a. Yfirstjórn skrifstofunnar, forstöðumenn og deildarstjórar.

| Ár                    | Ferðir með<br>þingmönnum/þingforseta | Fundir, ráðstefnur,<br>námskeið, annað | Samtals |
|-----------------------|--------------------------------------|--|---------|
| 2016                  | 23                                   | 7                                      | 30      |
| 2017                  | 18                                   | 3                                      | 21      |
| 2018                  | 22                                   | 8                                      | 30      |
| –sept. 2019           | 11                                   | 6                                      | 17      |
| Áætlað okt.–des. 2019 | 10                                   | 5                                      | 15      |

b. Almennir starfsmenn.

| Ár                    | Ferðir með<br>þingmönnum/þingforseta | Fundir, ráðstefnur,<br>námskeið, annað | Samtals |
|-----------------------|--------------------------------------|--|---------|
| 2016                  | 35                                   | 18                                     | 53      |
| 2017                  | 35                                   | 18                                     | 53      |
| 2018                  | 47                                   | 19                                     | 66      |
| –sept. 2019           | 30                                   | 19                                     | 49      |
| Áætlað okt.–des. 2019 | 8                                    | 1                                      | 9       |

2. Voru ferðirnar kolefnisjafnaðar?

Nei. Ef til vill hafa einhverjir starfsmenn kolefnisjafnað ferð sína sjálfir en skrifstofan gerði það ekki.

3. Er til fjarfundabúnaður á Alþingi?

Já. Nýr og betri búnaður var settur upp fyrr á þessu ári í því skyni að fjölga fjarfundum.

4. Hversu margir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði árin 2016–2019 með aðilum í útlöndum?

Fjarfundir starfsmanna skrifstofu hafa ekki verið skráðir sérstaklega í gegnum tíðina en nokkrar deildir hafa nýtt sér þennan möguleika. Upplýsingatækniskrifstofa hefur átt nokkra fjarfundi síðustu mánuði með aðilum í ýmsum löndum um mál varðandi Microsoft-samninginn. Einn starfsmaður upplýsingatækniskrifstofu bjó og starfaði erlendis árið 2017 og var þá á fjarfundum með deildinni í hverri viku í gegnum Skype for business. Starfsviðtöl eru tekin með fjarfundabúnaði við umsækjendur sem staddir eru erlendis og starfsmannaskrifstofa

hefur átt nokkra fundi með erlendum ráðgjafa í gegnum fjarfund á þessu ári. Deildarstjóri þingvörslu hefur undanfarin ár átt fjarfundi með ráðgjöfum erlendis um ýmis tæknileg mál.

Hvað þingmenn varðar þá hafa tvær nefndir haldið hvor sinn fjarfundinn á þessu tímabili með aðilum í útlöndum og þrjár nefndir hafa haldið símafundi með aðilum erlendis. Skrifstofan heldur ekki utan um fjarfundi þingflokka eða einstakra þingmanna.